

Bréf samhliða zoom fundi við undirbúningskjörbréfanefnd 2021-10-25

Athugasemdir varðandi bréf yfirkjörstjórnar norðvesturkjördæmis þann 2021-10-19 sem undirritað var af Inga Tryggvasyni og í nafni hans, Guðrúnar Sighvatsdóttur og Ingibjargar Ingu Guðmundsdóttur

Úr umræddu bréfi:

> Eins og fram er komið var fundi YK frestað að morgni 26. september sl. en honum var ekki slitið. YK lítur svo á að þá hafi talningu ekki verið lokið því vel gat verið að ástæða yrði til að yfirfara talningu að einhverju leyti þegar fundi yrði framhaldið síðar sama dag. YK telur því að tilvitnun í 104. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 eigi hér ekki við. YK fullyrðir að það hafi enginn átt við kjörgögn í salnum þar sem talningin fór fram meðan á fundarfrestun stóð en eftirlitsmyndavélar eru við inngang í salinn. Ekki þykir ástæða til að elta ólar við rangfærslur í fjölmiðlum sem kærandi vitnar til varðandi varðveislu kjörgagna meðan á fundarfrestun stóð. Enda hafa þær tilvitnanir enga þýðingu í málinu.

Athugasemdir:

- Gefnar voru út tölur um morguninn og þær voru kynntar sem lokatölur.
- Hvergi í lögum um kosningar til Alþingis er tekið fram að yfirkjörstjórn geti frestað fundi. Því er formaður yfirkjörstjórnar kominn á vafasamar lagalegar slóðir þegar fundi þar sem talning atkvæða fór fram var frestað.
- Mjög vafasamt er að formaður yfirkjörstjórnar, sem starfað hefur sem lögmaður í áratugi, sinnt fjölda stjórnsýslustarfa sveitarfélags, og er starfandi héraðsdómari, geri sér upp algjört skilningsleysi á ástæðum laga um innsigliun kjörgagna til að tryggja öryggi þeirra.
- Formaður yfirkjörstjórnar hefur orðið margsaga um meint öryggi kjörgagna í þann tíma sem yfirkjörstjórn var ekki á staðnum, og er í dag ljóst að mjög alvarlegir misbrestir voru í umræddu öryggi kjörgagna. Þar gátu starfsmenn hótelsins valsað um í þann tíma sem yfirkjörstjórn var ekki á staðnum og einnig gat formaðurinn sjálfur verið innan um óinnsiglið kjörgögn í engra viðurvist. Orð hans um öryggi kjörgagna voru kolröng og kasta þau rýrð og tortryggni á talninguna og störf yfirkjörstjórnar. Það að hann skuli hafa og telji sér frjálst að vera innan um óinnsiglið kjörgögn í engra viðurvist kastar rýrð og tortryggni á kosninguna sem og hæfni formanns til að sinna stjórnsýslustörfum, lögmannsstörfum og dómastörfum að mínu mati.

Úr umræddu bréfi:

> *_Kæra Sveins Flóka Guðmundssonar:*_

>

> [*] Óparfi er að eyða orðum á dylgjur um hæfni oddvita YK á hinum ýmsu sviðum.

> [*] Það skal ítrekað að YK fullyrðir að það hafi verið í lagi með varðveislu kjörgagna meðan á fundarfrestun stóð.

> [*] Það skal ítrekað sem áður hefur komið fram að engin vafa atkvæði voru tekin til úrskurðar þegar endurtalning fór fram.

Athugasemdir:

- Ég hafna að hér sé um dylgjur að ræða, þetta er mitt persónulega mat á hæfni formanns yfirkjörstjórnar, og tel ég matið eiga ríkan rétt á sér og vera vel rökstutt:
 - alvarlegir vankantar við framkvæmd talningar hjá yfirkjörstjórn norðvestur, þar með alvarlegir vankantar starfa formanns sem ber ábyrgð á að framkvæmd sé í samræmi við lög og kasti hvorki rýrð né tortryggni á kosningarnar
 - ótrúleg ummæli formanns í samskiptum hans við fjölmiðla yfir og í kjölfar kosninganna, sjá t.d. frétt Kjarnans “Orðin hans Inga frá A til Ö” sem birt var 2021-09-29 <https://kjarninn.is/frettir/ordin-hans-inga-fra-a-til-o-af-thvi-ad-eq-veit-thad/> sem og yfirlýsingar í þessu umrædda bréfi yfirkjörstjórnar
 - vangeta formanns til að líta gagnrýnisaugum á eigin störf
 - meðlimir yfirkjörstjórnar ósammála um hvor talningin eigi að gilda, sjá frétt RÚV “Yfirkjörstjórn ósammála um hvor talningin eigi að gilda” sem birt var 2021-10-20T22:19 <https://www.ruv.is/frett/2021/10/20/yfirkjorstjorn-osammala-um-hvor-talningin-eigi-ad-gilda> og lögregluskýrslu vegna kæru Karls Gauta
 - mál frá 2011 sem Ingi Tryggvason kom að og varðar nauðungarsölu á íbúð í Borgarnesi vegna vangoldinna fasteignagjalda, sjá umfjöllun DV frá 2011 og upprifjungargrein DV.is “Hver er þessi Ingi Tryggvason?” sem birt var 2021-10-01 <https://www.dv.is/frettir/2021/10/1/hver-er-thessi-ingi-trvggvason-okkur-thvkja-thetta-vera-kaldar-kvedjur-fra-domsmalaradherra-til-flokksbraedra-sinna/> en í þessu máli virðist Ingi hafa bæði brotið meðalhóf og vanrækt upplýsingaskyldur sínar við framkvæmd nauðungaruppbóðs, keypt íbúðina á nauðungaruppbóði fyrir hönd Arion Banka, og síðar selt íbúðina í gegnum fasteignafyrirtæki í hans eigu. Sé þetta rétt er um augljósan og alvarlegan hagsmunaárekstur að ræða sem mér þykir ótrúlegt að ekki hafi verið tekið á á sínum tíma.
- Að mínu mati fer formaður yfirkjörstjórnar sjálfur með dylgjur þegar hann fullyrðir að í lagi hafi verið með varðveislu kjörgagna á meðan yfirkjörstjórn brá sér frá.
- Samkvæmt tölum birtum að morgni og tölum birtum eftir hádegi fjölgaði ógildum seðlum um 11. Tel ég vantraust til yfirkjörstjórnar norðvesturkjördæmis komið á það stig að ekki sé mark takandi á meintum útskýringum um ástæður breytinga milli fyrri og síðari talningar.

Hugrenningar um lyktir máls

Sé talað um svokallaða fjóra kosti varðandi lyktir þessa máls, þ.e. láta síðari talningu gilda, láta fyrri talningu gilda, fara í uppkosningu í norðvestur, halda nýjar kosningar á landinu öllu, þá mundi ég gefa þeim eftirfarandi einkunnagjafir.

Seinni talning - Versti kostur (-9000)

Byggir á ónýtum kjörgögnum og setur fordæmi um að mögulegt kosningasvindl þyki ekki nógu alvarlegt til að ógilda kosningu. Kjósendur í Norðvesturkjördæmi hlunnfarnir um rétt sinn að fá að taka þátt í löglegum kosningum.

Fyrri talning - Næstversti kostur (-100)

Framkvæmd af yfirkjörstjórn sem rúin er trausti. [? Fjöldi taldra atkvæða stemmir ekki við fjölda greiddra atkvæða. ?] Yfirkjörstjórnin sjálf hefur kastað rýrð á fyrri talningu og lýst því yfir að hún sé röng, en að auki virðast meðlimir yfirkjörstjórnar ekki vera á einu máli um það.

Uppkosning í Norðvesturkjördæmi - Næstskársti kostur (+100, -50)

Kjósendur í Norðvesturkjördæmi fá að taka þátt í löglegum kosningum. Hafa meiri og ríkari forsendur en aðrir kjósendur til að nota við ákvörðun sína við beitingu atkvæðis. Sem þýðir aukinn munur á atkvæðavægi. Kjósendur J og O voru um það bil 800, sem var um 4.5% af greiddum atkvæðum í Norðvesturkjördæmi. Ljóst er að atkvæði J og O skili engu fyrir kjósenda og má því þykja líklegt að kjósendur þessara flokka endurmeti og breyti vali sínu.

Ný kosning á landinu öllu - Skársti kostur (+500)

Kjósendur í Norðvesturkjördæmi fá að taka þátt í löglegum kosningum, en fá ekki aukið atkvæðavægi vegna aukinna forsenda/upplýsinga við ákvörðun á beitingu atkvæðis. Kostnað er ef til vill hægt að nefna sem ókost við nýja kosningu í landinu öllu. En ég spyr: Hvað er lýðræðislegra en ný kosning í landinu öllu sem lausn við þeirri stöðu sem komin er upp?

Aðrar hugrenningar

Við hvora talninguna stemmdi fjöldi ónotaðra atkvæða? Er hægt að fyllilega treysta að ekki hafi verið átt við fjölda ónotaðra atkvæða? Voru þau meðal gagna sem lágu óinnsigliuð á Hótel Borgarnesi? Eru önnur gögn sem geta staðfest talningu ónotaðra atkvæða eins og t.d. mætingarskrá á kjörstað? Hefur slíkt verið skoðað? Voru þau gögn örugg?

Hafi fjöldi ónotaðra atkvæða stemmt við síðari talningu er ljóst að fjöldi atkvæða í fyrri talningu stemmdi ekki. Tel ég að ekki sé hægt að treysta á yfirlýsingar yfirkjörstjórnar um innsláttarvillur eða aðrar lagfæringar á tölum fyrri talningar svo að þær stemmi.

Milli fyrri og seinni talningar sýnist mér 33 atkvæði hafa verið rangt flokkuð (abs diff sum deilt með tveimur). Slíkt magn hlýtur að teljast verulegt og yfir meðallagi óeðlilegt. Eins þykir undarlegt hve dreift misræmið er á alla flokka sem í boði eru. Meira að segja flokki sem taldi einungis 72 atkvæði í fyrri talningu skeikaði um 1 atkvæði.

Verði uppkosning slegin af borðinu sökum aukins atkvæðamisvægis en samhliða slegið nýjar kosningar af borðinu af einni eða annarri ástæðu þá felst í því ákveðin þversögn. Í raun ætti ekki að vera hægt að nota rök um aukið atkvæðamisvægi til að útiloka uppkosningu ef nýjar kosningar koma ekki til greina.

Þó ég telji nýjar kosningar í raun vera nánast pólitískt ómögulegar þar sem flestir þingmenn séu væntanlega sáttir við úrslit nýliðinna kosninga þá skora ég engu að síður á þingmenn að boða til nýrra kosninga. Nýjar kosningar er hin rétta lausn í þessu máli.